

# Aðalfundur stjórnar foreldrafélagsins

Mættir: Þórunn, Þórey, Fjóla, Linda, Eyjólfur, Jónas

## 1. Kosning fundarstjóra og ritari:

Þórunn tekur það að sér.

## 2. Gert grein fyrir störfum síðasta árs sem og stöðu reikninga.

Meðal starfa foreldrafélagsins á síðasta ári voru:

Saft fyrirlestur, leikrit sett upp í skóla fyrir yngsta stig og leikskóla, Ferð á leiksýningu í Borgarnesi. Piparkökubakstur. Öskudagsskemmtun í samvinnu við nemendafélagið.

Skipulag í samráði við matráð og framkvæmd á grill fyrir vorhátið skólans og sumarhátið leiksólans

Hrein eign foreldrafélagsins í dag er 228.394 kr. Tekjurnar koma aðalega í formi peningastyrks frá sveitafélaginu. Helstu úgjöld voru v. leiksýningar í Borgarnesi ásamt fleira.

## 3. Fulltrúi foreldra gerði grein fyrir störfum skólaráðs. Áttu í heild að vera 5 fundir en einn fél niður. Meðal málefna sem farið var yfir:

Vinna með námskrá.	Fjárhagsáætlun
Rætt um heimasíður Auðarskóla	Aðbúnaður í skóla
GSM notkun í skóla	Rætt um lengri gæslutíma
Tyggjónotkun í skóla	Skólabílareglur
Sjá nánar í fundargerðum skólaráðs á heimasíðu skólans.	

## 4. Lagabreytingar

Breytingar varða orðalag á 8. grein laga foreldrafélagsins. Í stað bekkjadeilda verður nú skólastig og kosinn er ávallt 2 fulltrúar í stað einn til two áður. Einnig verður breyting á orðalagi í 3. grein þar sem bekkjadeild er skipt út fyrir skólastig..

## 8 grein.

Í upphafði skólaárs skal kjósa tvö fulltrúa foreldra eða forráðamanna af hverju skólastigi og leikskóla. Hlutverk fulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og nemenda og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hvers skólastigs og leikskóla. Fulltrúar mynda deildaráð foreldrafélagsins. Stjórn félagsins setur fulltrúum starfsreglur.

## 3 grein

... Skipa tengiliði á hverju skólastigi og leikskóla.

Samþykkt með öllum atkvæðum.

## 5. Kosningar til nýrrar stjórnar foreldrafélagsins og einn fulltrúa foreldra í skólaráðs.

Jónas Fjeldsted kosinn fulltrúi foreldra í skólaráðs næstu 2 árin. Aðrir fulltrúar voru kosnir í fyrra til tveggja ára og sitja þeir enn áfram.

Af fyrri stjórn foreldrafélagsins gefa Vala, Þórunn, Fjóla og Þórey áfram kost á sér. Hinir biðja sig frá öllum störfum. Því vantar 1 aðalmann í stjórn og 2 varamenn. Var ekki leyst á þessum fundi og ætlar þeir stjórnarmenn sem eftir eru að reyna finna einhverja eftir fundinn.

#### 6. Önnur mál

Stjórn falið að rita bréf til sveitastjórnar til að taka undir áhyggjur Svavars Garðarsonar er varðar gangbrautir yfir vegi í sveitarfélagini og sérstaklega í kringum skólann.

Fundi slitið

Þórunn B. Einarsdóttir ritaði.